
Breyting á staðsetningu eldissvæða Arctic Sea Farm og Fjarðalax í Patreksfirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 23. mars 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Arctic Sea Farm og Fjarðalax (Arnarlax) um fyrirhugaða breytingu á staðsetningum eldissvæða fyrirtækjanna í Patreksfirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Vesturbyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Breytingar á staðsetningu tveggja eldissvæða í Patreksfirði, Vesturbyggð, Akvaplan-niva.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:


- Vesturbyggð með tölvupósti dags. 6. apríl 2018.
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 28. mars 2018.
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti dags. 4. apríl 2018.
- Matvælastofnun með tölvupósti dags. 26. mars 2018.
- Samgöngustofu með tölvupósti dags. 3. apríl 2018.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 3. apríl 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 6. og 10. apríl 2018.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að færa tvö eldissvæði fyrirtækjanna í Patreksfirði. Annars vegar eldissvæði Fjarðalax við Eyri og hins vegar eldissvæði Arctic Sea Farm við Kvígindisdal. Með tilfærslu svæðanna verði mögulegt að snúa kvíastæðum þannig að þau liggja meira þvert á megin straumstefnu fjarðarins.

Þann 23. september 2016 birti Skipulagsstofnun álit um mat á umhverfisáhrifum vegna aukinnar framleiðslu á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði um 14.500 tonn. Í álitinu var komist að þeirri niðurstöðu að helstu neikvæðu áhrif fiskeldis í Patreksfirði og Tálknafirði fælust í áhrifum á fisksjúkdóma, laxalús, náttúrulega stofna laxfiska og botndýralíf.



Mynd 1. Fyrirhuguð færsla eldissvæða í Patreksfirði. Núverandi staðsetningar eru sýndar með svörtum lit en fyrirhugaðar staðsetningar eru sýndar með rauðum lit. (Úr gögnum framkvæmdaraðila)

4 UMHVERFISÁHRIF

Ástand sjávar og botndýralíf

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að með því að snúa kvíum þvert á straumstefnu sé frekar tryggt að úrgangsefni safnist ekki saman í miklum mæli á afmörkuðu svæði.

Í burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar segir að sjór í firðinum sé að jafnaði vel blandaður en að yfir sumartímamann verði lagskipting niðri við botn annars vegar og í yfirborði hins vegar. Súrefnisinnihald sé að jafnaði hátt en lágmark í styrk súrefnis mælist á mesta dýpi fjarðanna á haustmánuðum. Samkvæmt burðarþolslíkani verði lækkun um 0,4 ml/l í botnlagi við 20.000 tonna eldi þegar áhrifin eru hvað mest.

Í matskýrslu vegna aukinnar framleiðslu á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði um 14.500 tonn voru birtar niðurstöður súrefnis- og straummælinga á vegum Hafrannsóknastofnunar í Patreksfirði. Í mælingum sem fóru fram í janúar og fram í september 2009 mældist súrefni lægst 3,9 ml/l út af Kvígindisdal í ágúst. Straummælingar sýndu sterka botnstrauma við Kvígindisdal en straumur á 50 m dýpi mældist 5,6 m/sek að meðaltali yfir 215 daga tímabil. Við Eyri mældist straumur 5,0 cm/sek að meðaltali yfir 118 daga tímabil.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að á núverandi staðsetningum eldissvæðanna hafi hitastig sjávar og straumar ekki verið eins og best verður á kosið. Tilfærsla kvíanna muni auka straumflæði um kvíaþyrpingar á báðum eldissvæðum þar sem þær verða staðsettar þvert á straumstefnu fjarðarinnar. Það hafi jákvæð áhrif á uppsöfnun lífrænna efna og súrefnisstyrk. Umhverfisstofnun vísar til þess sem kom fram í greinargerð starfsleyfis vegna 14.500 tonna framleiðslu í Patreksfirði og Tálknafirði. Þar komi fram að stofnunin telji að þær kröfur og sú vöktun sem tilgreind er í starfsleyfi og vöktunaráætlun sé fullnægjandi til að draga úr neikvæðum áhrifum mengunar á annað lífríki fjarðarinnar. Umhverfisstofnun telur að fyrirbyggjandi breyting á eldissvæðum breyti ekki afstöðu stofnunarinnar hvað lífrænt álag varðar, enda muni kröfur um vöktun í starfsleyfum leyfishafa haldast óbreyttar. Það sé mat stofnunarinnar að fyrirbyggjandi breyting sé ekki líkleg til að auka lífrænt álag í firðinum, heldur sé hún fremur til þess fallin að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.



Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að færsla eldissvæðis á meira dýpi geti haft þau áhrif að meira af úrgangi falli hraðar í botnlag fjarðarins og lækki þannig súrefnisstyrk í botnlagi sem geti dregið úr burðarþoli fjarðarins.

Í svari framkvæmdaraðila við umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að framkvæmdaraðilar muni fylgjast daglega með súrefnisstyrk á eldissvæðum sínum. Mælingar muni leiða í ljós hver áhrif verða á súrefnisstyrk en talið sé að fyrirhuguð breyting muni auka dreifingu lífrænna efna þannig að áhrif á lækkun súrefnis verði minni en ella. Þá bendir framkvæmdaraðili á að dýpstu álar í Patreksfirði liggja utan við Tálkna utarlega í fjarðarmynni. Afar ólíklegt sé að fyrirhuguð tilfærsla á eldiskvíum muni hafa áhrif á þeim svæðum.

Laxalús og fisksjúkdómar

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar breytingar á staðsetningu eldissvæða hafi jákvæð áhrif á velferð fisks. Ef kvíar liggja langsum á straumstefnu sé hætt við því að innan þyrpinga myndist punktar þar sem straumur sé afar lítill en á öðrum stöðum afar mikill. Hæfilegur straumur sem víðast í eldiskvíum tryggi aðgengi að ferskum sjó sem beri með sér súrefni til eldisfisks. Hæfilegur straumur og góður styrkur súrefnis séu mikilvægir þættir til að tryggja velferð og vöxt eldisfiska. Ný lega eldisþyrpinga þvert á straumstefnu myndi einnig draga úr smítalagi vegna laxalúsar, bakteríu- og veirusmits á milli einstakra eldiseininga innan kvíaþyrpingar.

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að stofnunin telji fyrirhugaðar breytingar vera jákvæðar út frá aðstæðum til fiskeldis. Þær muni tryggja betur velferð eldisfisks og muni tvímælalaust skila sér í styrkari mótstöðu gegn sjúkdómsvöldum og efla almennt heilbrigði.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar um fyrirhugaða framkvæmd segir að vindar hafi mikil áhrif á það hvernig yfirborðssjór, og þar með mögulega laxalús, berist á milli eldissvæða. Því sé illgerlegt að segja til um hvort nýjar staðsetningar dragi úr smítalagi vegna laxalúsar, bakteríu- eða veirusmits á milli eldiseininga.

Í svari framkvæmdaraðila við umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að leitað hafi verið til dýralæknis fiskisjúkdóma hjá Matvælastofnun í kjölfar umsagnar Hafrannsóknastofnunar og fengið það svar að Matvælastofnun stæði við það sem fram kæmi í umsögn stofnunarinnar. Þá bendir framkvæmdaraðili á að í umfjöllun í tilkynningu hafi verið vísað til þess að með því að snúa kvíaþyrpingum þvert á straumstefnu dragi úr líkum á að smit magnist upp innan stöðvar þar sem sjór streymi á milli færri kvía. Hvað varði mögulegt smit á milli þeirra eldissvæða sem fyrirhugað sé að færa þá verði ekki séð að sú tilfærsla hafi áhrif á líkur á því að smit berist milli svæða. Vissulega sé þó minni hætta á að sjúkdómar eða lúsasmit komi upp séu umhverfisaðstæður góðar.

Áhrif á villta laxfiska

Í umsöfn Fiskistofu kemur fram að stofnunin telji að breytt staðsetning eldissvæða muni ekki hafa miklar breytingar í för með sér varðandi þá áhættuþætti sem snúa að hugsanlegum áhrifum á villta lax- og silungastofna. Þó megi segja að ef breytingin muni leiða til bættrar velferðar eldisfiska þá muni breytt staðsetning hafa jákvæð áhrif m.t.t. villtra lax- og silungastofna. Fiskistofa telji ekki nauðsynlegt að breyting á staðsetningu undirgagist mat á umhverfisáhrifum.

Siglingar og veiðar

Í umsögn Samgöngustofu kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá hafnarstjóra séu ekki almennar siglingar á svæðunum sem áætlað sé að færa eldissvæðin á og því valdi fyrirhuguð breyting á staðsetningu eldissvæða ekki truflun á siglingum. Samgöngustofa gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að ekki sé fjallað um áhrif á veiðisvæði vegna færslu svæðis við Kvígindisdal í gögnum framkvæmdaraðila.



Í svari framkvæmdaraðila við umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að framkvæmdaraðilar hafi verið búnir að ráðfæra sig við veiðiaðila í Patreksfirði og talið hafi verið að tilfærslan hefði ekki neikvæð áhrif á veiðar. Með svari framkvæmdaraðila fylgdi einnig yfirlýsing frá Strandveiðifélaginu Króki – félagi smábátæigenda í Barðastrandasýslu. Í yfirlýsingunni kemur fram að stjórn félagsins hafi fundað til að ræða fyrirhugaðar breytingar á staðsetningu eldissvæðanna. Bæði núverandi og fyrirhugaðar staðsetningar koma inn á virk veiðisvæði. Færsla eldissvæðis við Kvígindisdal sé jákvæð hvað varði fiskimið og neikvæð áhrif breytingar á eldissvæði við Þúfnaeyri séu frekar lítil. Það sé mat stjórnar félagsins að við vissar aðstæður hafi fiskur sótt að eldissvæðum sérstaklega og að smábátasjómenn hafi notið góðs af því. Þá hafi fiskeldisfyrirtækin sýnt því skilning þegar verið sé að leggja línu mjög nærri eldissvæðum.

Hávaði

Í umsögn Vesturbyggðar er óskað eftir að hugað verði að hávaðamengun frá vinnusvæði utan dagvinnustunda vegna nálægðar við íbúðarbyggð.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að fiskeldi fylgi að mestu starfsemi innan vinnudags. Einhver hávaði geti fylgt fóðrun utan dagvinnutíma vegna ljósavéla sem hafi hingað til verið olúknúnar. Unnið hafi verið að því að leiða rafmagnskapal að eldissvæði við Eyri sem sé næst Patreksfjarðarbæ. Eftir að þeirri vinnu verði lokið muni hávaðamengun verða í lágmarki.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 7/2998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Einnig rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 401/2012 um fiskeldi.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða breytingu á staðsetningu tveggja eldissvæða í Patreksfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal taka mið af eðli hennar, meðal annars stærðar og umgangs framkvæmda og úrgangsmýndunar, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til þeirrar landnotkunar sem fyrir er og álagspóls strandsvæða, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum 14.500 tonna framleiðsluaukningar á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, dags. 23. september 2016. Um er að ræða breytingu á áðurnefndri framkvæmd sem felst í því að breyta staðsetningu eldissvæða. Þá verður lögum eldissvæða breytt og þau stækka lítillaga.

Ekki er um að ræða breytingu á umfangi framkvæmdar og mun magn úrgangs frá fiskeldinu haldast óbreytt. Gera má ráð fyrir að dreifing úrgangs og uppsöfnun næringarefna verði að einhverju leyti frábrugðin því sem nú er. Skipulagsstofnun tekur undir með Hafrannsóknastofnun um að færsla eldiskvíva geti orðið til þess að úrgangsefni muni í auknum mæli safnast fyrir í botnlagi fjarðarinnar. Aftur á móti eru botnstraumar í nágrenni fyrirhugaðra eldissvæða sterkir og súrefnisstyrkur við botn Patreksfjarðar almennt hár. Þá verða fyrirhuguð eldissvæði ekki yfir dýpsta hluta



Patreksfjarðar þar sem styrkur súrefnis mælist lægstur á haustmánuðum. Með því að staðsetja kvíar þvert á straumstefnu verði meiri dreifing á úrgangi sem sé líklegt að hafa jákvæð áhrif á uppsöfnun næringarefna frá því sem nú er. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um að fyrirhuguð færsla eldissvæða sé ekki líkleg til að auka lífrænt álag í firðinum.

Með vísan til umsagnar Matvælastofnunar telur Skipulagsstofnun að færsla eldissvæða sé líkleg til að hafa jákvæð áhrif á velferð eldisfisks, styrkja mótstöðu fisksins gegn sjúkdómsvöldum og draga úr smítalagi innan eldissvæða. Þar af leiðandi er fyrirhuguð framkvæmd líkleg til að draga úr smítalagi á villta laxfiska, sbr. umsögn Fiskistofu.

Með tilliti til umsagnar Samgöngustofu og yfirlýsingar Strandveiðifélagsins Króks telur Skipulagsstofnun ólíklegt að fyrirhuguð færsla á eldissvæðum komi til með að hafa neikvæð áhrif á siglingar og veiðar í Patreksfirði.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einnig taka mið af eiginleikum hugsanlegra umhverfisáhrifa, svo sem umfangi áhrifa með tilliti til svæðis sem ætla má að verði fyrir áhrifum, stærðar og fjölbreytileika áhrifa og tímalengdar áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Í ljósi þess sem hér hefur rakið telur Skipulagsstofnun að fyrirhuguð færsla á eldissvæðum komi ekki til með að breyta eiginleikum hugsanlegra umhverfisáhrifa af fiskeldi í Patreksfirði. Um er að ræða minniháttar breytingu frá fyrri framkvæmd og munu umhverfisáhrif að mestu vera óbreytt. Helstu breytingar á áhrifum framkvæmdarinnar eru möguleg jákvæð áhrif á eldisfisk m.t.t. sjúkdóma og laxalúsar og þá einnig á stofna villtra laxfiska. Þá mun verða breyting á dreifingu lífrænna næringarefna. Með tilliti til þess sem fram kemur í burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar er líklegt að ef komi til þess að úrgangur safnist í auknum mæli í botnlagi vari áhrifin stutt og verði afturkræf.

Ákvörðunarorð

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á staðsetningu eldissvæða í Patreksfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 14. maí 2018.

Reykjavík, 11. apríl 2018.


Jakob Gunnarsson


Egill Þórarinnsson